IÐUNN:

Yfir fimmtíu bækur í ár

Bókaútgáfan Iðunn hefur nú flutt starfsemi sína að Bræðraborgarstíg 16, þar sem áður var brauðgerðarhús Jóns Símonarsonar. Hafa þau húsakynni verið endurbætt og löguð að þeirri starfsemi, sem nú er að hefjast þar. Er nú í fyrsta sinn rúmt um útgáfuna og starfsaðstaða öll hin besta.

Um aldarfjórðungsskeið hefur bækistöð Iðunnar verið að Skeggjagötu 1, en útgáfan hefur búið þar við sívaxandi óhagræði vegna mikilla þrengsla mörg undanfarin ár, en síðastliðin tíu ár hefur öll starfsemi forlagsins verið í mjög örum vexti.


Iðunn hóf starfsemi sína árið 1945 og hefur því starfað óslitið í 32 ár. Á sjöunda áratugnum voru bókaútgáfurnar Hlaðbúð og Skálholt sameinaðar Iðunni. Útgáfubækurnar eru orðnar samtals yfir eitt þúsund og margar þeirra hafa verið endurprentaðar, sumar mörgum sinnum. Þær eru margvíslegar að efni og innihaldi, enda ávallt verið lögð stund á alhliða útgáfustarfsemi. Iðunn hefur gefið út bækur eftir fjölda íslenskra höfunda, mikið af þýddum bókum og bókum fyrir börn og unglinga. Hefur ekki síst verið reynt að leggja alúð við útgáfu góðra barna- og unglingabóka.

Fyrir rúmum áratug hófst nýr þáttur í starfsemi forlagsins: útgáfa námsbóka og sérstakar skólaútgáfur íslenskra öndvegisbókmennta, fornra og nýrra. Upphaf þessa þáttar í útgáfustarfinu er að rekja til Skálholts, sem var brautryðjandi í því að gefa út íslenskar bókmenntir í sérstökum skólaútgáfum. Er engum vafa undirorpið að þetta hefur stuðlað mjög að auknum lestri íslenskra bókmennta í framhaldsskólum landsins. Nú í haust koma út tvær skáldsögur í skólaútgáfum, Atómstöðin eftir Halldór Laxness og Punktur, punktur, komma, strik eftir Pétur Gunnarsson. Eru þær 10. og 11. bókin í þessum flokki sem sérstaklega er búinn í hendur skólanemenda. — Námsbókaútgáfan og skólaútgáfur íslenskra bókmennta eru nú orðinn snar þáttur í starfsemi Iðunnar og fer vaxandi ár frá ári.

Á síðastliðnu ári gaf Iðunn út sína fyrstu hljómplötu, þar sem fluttir voru textar úr Vísnabókinni. Nú í haust koma út tvær hljómplötur, önnur með nýjum textum úr Vísnabókinni og á hinni flytur Megas ný lög og texta með aðstoð Spilverks Þjóðanna.

Á þessu ári verður útgáfa Iðunnar meiri en nokkru sinni fyrr. Að vísu er enn ekki fullráðið um allar útgáfubækur, því að vera má að útgáfu einhverra bóka, sem á prjónunum eru, verði frestað til næsta árs. Þó er sýnt, að á þessu ári koma út yfir fimmtíu titlar, þegar með eru taldar nýjar útgáfur áður útgefinna bóka.


Þá má geta þess, að samtímis flutningi forlagsins koma út **Bókatíðindi Iðunnar** og er þar m.a. að finna skrá yfir allar bækur útgáfunnar, sem fáanlegar eru nú. Er ætlunin að Bókatíðindin komi framvegis út tvisvar á ári og flytji kynningu á nýjum og væntanlegum bókum, greini frá höfundum, flytji bókaskrár o.fl. efni er starfsemi forlagsins varðar.



Spiritus fiat upi vult, olía á striga (1949).

ALCOPLEY að Kjarvalsstöðum

Á yfirlitssyningu bandarísku listamannsins Alcopley að Kjarvalsstöðum eru 304 málverk, teikningar, vatnslitamyndir, steinprent og bækur. Alcopley (f. 1910) hlaut listmenntun sína í Dresden 1920-29 og hefur lagt stund á myndlist samfellt frá 1930. Hann varð bandarískur ríkisborgari 1943 og var m.a. einn af stofnendum „The Club" í New York 1949. Hann var um langt árabil búsettur í París en fluttist aftur til New York 1960, og hefur verið búsettur þar síðan.



Rays of the mind: Heinrich and Hannah, olía á viði, 1966.



Ólafur Kvaran skrifar um myndlist

Litsterkur expressjónismi

Eins og sjá má í elstu verkum Alcopley frá miðjum fimmta áratugnum, þá virðist hann snemma hafa hrifist af sterkri og andstæðurikri litanotkun expressjónismans. Hvort sem myndefnið er landslag eða fólk þá er það öðru fremur hin lifsglaða og munaðarfulla listsýn Matisse og Vlaminck sem hann ástundar, fremur en það þunglyndislega yfirbragð og sálræna innsæi, sem einkenndi þýska expressjónismann á öðrum og þriðja áratugnum. Í þessum verkum má raunar þegar sjá eitt af megineinkennum hans sem myndlistarmanns, en það er hinn sterki dekoratífi þáttur, sem ávallt einkennir verk hans. Þetta kemur einnig skýrt í ljós í þeim verkum sem hann gerir um 1950, er hann stillir saman svífandi abstrakt litaflekkjum á ljósum fleti í jafnri hrynjandi yfir allan flötinn og stílfærðum hállífrænum formum án formrænnar þungamiðju. Þessa aðferð til myndbyggingar notar hann í ríkummæli á áratugnum 1950-60 og inntakið verður öðru fremur sterk ljóðræn kennd, jafnframt því sem sjálf pensilskriftin verður alltaf meira áberandi og dekoratífari, tekur á sig kalligrafiskt form og fær sína sjálfstæðu hrynjandi í sambýli við heila, stóra litafleti.

Svört form


Í byrjun sjöunda áratugarins verður formgerð verka hans allt einfaldari í sniðum og hann nær tökum á því myndmáli, sem öðru fremur er sérkenni hans sem myndlistarmanns. Hér eru svört svífandi form á hvítum grunni í mjúku eða hörðu samspili og oft má finna í þessum verkum mikið næmi höfundar fyrir léttleika, þenslu og hrynjandi. Svartir formslóðarnir fela ávallt í sér hvatleika og snerpu handbragðsins og er gjarna teflt á móti heilum litaflötum, sem ganga lárétt yfir myndflötinn. Í mörgum þessara verka nýtur sín vel fágað og fingert handbragð, sem öðru fremur er styrkleiki listar hans.

Þótt Alcopley hafi tileinkað sér margt hvað formgerðina áhrærir frá amerisku abstrakt expressjónistunum, þá er um gerólíkt inntak að ræða í verkum hans, þar eð þau búa ekki yfir þeirri heift eða dramatísku angist, sem svo oft einkennir verk þeirra, en jafnframt er list hans um margt skyld frönsku expressjónistunum (Hartung, Sneider o.fl.) að því er varðar fágun handbragðsins og dekoratífar áherslur.

Ólafur Kvaran.

Rannsóknir á neðansjávargígum

Moskva (APN) — Fyrsta sovéska rannsóknarskipið sem er sérstaklega hannað fyrir rannsóknir á neðansjávareldfjöllum hefur nú um tveggja mánaða skeið stundað rannsóknir á norðvesturhluta Kyrrahafs. Rannsóknirnar beinast að 70 km löngum neðansjávarhrygg og hafa fundist 14 eldgígar á honum. Sovésk rannsóknarskip hafa farið í rúmlega hundrað leiðangra það sem af er þessu ári.



Svipmyndir á svipstundu

Svipmyndir í hvert skírteini

Svipmyndir sf.

Hverfisgötu 18 · Gegnt Þjóðleikhúsinu

TIL HÚSBYGGJENDA

Vinsamlegast athugið, að lögn rafmagnsheimtauga er mun dýrari að vetri en að sumri, og að allmiklir annmarkar eru á að leggja þær, þegar jarðvegur er frosinn. Af þessu leiðir, að húsbyggjandi getur orðið fyrir verulegum töfum við að fá heimtaug afgreidda að vetri.

Því er öllum húsbyggjendum, sem þurfa heimtaug í haust eða vetur, vinsamlegast bent á að sækja um hana sem allra fyrst.

Þá þarf að gæta þess, að byggingarefni á lóðinni eða annað, hamli ekki lagningu heimtaugarinnar. Jarðvegur á því svæði, sem heimtaugin liggur, þarf einnig að vera kominn í sem næst rétta hæð.

Gætið þess einnig, að uppgröftur úr húsgrunni lendi ekki fyrir utan lóðamörk, þar sem hann hindrar með því lögn, m.a. að viðkomandi lóð.

Allar nánari upplýsingar eru gefnar á heimtaugaafgreiðslu Rafmagnsveitunnar, Hafnarhúsinu, 4. hæð. Sími 18222.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR